

---

## Laxárdalsvegur (59), Dalabyggð og Húnaþingi vestra

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 Inngangur

Þann 14. janúar 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um endurbyggingu á Laxárdalsvegi (59) í Dalabyggð og Húnaþingi Vestra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna frá Dalabyggð, Húnaþingi vestra, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Fiskistofu, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

#### 2 Gögn lögð fram


Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Laxárdalsvegur (59) í Dalabyggð og Húnaþingi Vestra, Fyrirspurn um matsskyldu, Vegagerðin – Mannvit. Desember 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Dalabyggð dags. 18. febrúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 24. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 18. febrúar 2022, Fiskistofu dags. 10. febrúar 2022. Minjastofnun Íslands dags. 10. febrúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. febrúar 2022 og Húnaþingi vestra dags 24. febrúar 2022.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbyggingu á Laxárdalsvegi (59) á um 18 km kafla frá Hólkotsá að vegamótum við Innstrandarveg (68) í Hrútafirði. Endurbyggja á veginn í núverandi vegstæði, breikka, styrkja og setja á hann bundið slitlag. Nýtt vegsvæði endurbyggðs vegar verður samtals 30 m breitt. Hæðarlega breytist að einhverju leyti og blindhæðir teknar af. Hönnunarhraði verður 90 km/klst. og vegflái í vegköntum yfirleitt 1:3. Á vegkaflanum eru 3 einbreiðar brýr, ein þeirra (brúin yfir Hólkotsá) verður rifin og í hennar stað byggt hálfbogaráesi yfir hana. Framkvæmdin verður unnin í tveimur áföngum og gera má ráð fyrir að þær taki nokkur ár. Áætluð heildarefnisþörf í framkvæmdina er um 200.000 m<sup>3</sup> af jarðefni. Gert er ráð fyrir að efni í fyllingar og fláafleyga komi úr skeringum í eða við vegsvæðið, en það sem uppá vantar komi úr námum meðfram veginum.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi með því að gera veginn sterkari og breiðari með bundnu slitlagi, bæta sjónlengdir og gera hliðarsvæðin öruggari. Með fyrirhugaðri endurbyggingu á núverandi vegi yfir Laxárdalsheiði lýkur heildarendurbyggingu vegarins yfir heiðina.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af vegkafla Laxárdalsvegar sem á að endurbyggja. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Gróður og jarðvegur

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Laxárdalsheiði er fremur flatlend, á heiðinni eru vel gróin heiðalönd og mikið af vötnum. Meðfram veginum eru víða gras- og mólendi og sums staðar mýrlendi, röskun á gróðri og jarðvegi verður í lágmarki. Endurbætur á veginum verða að mestu leyti í núverandi vegstæði þar sem vistgerðir eru þegar raskaðar. Nokkrar vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi finnast á námusvæðum sem nýta á til efnistöku fyrir framkvæmdina. Það sé hinsvegar lítil partur af heildarstærð námusvæðanna 2,6 ha á móti 15 ha. Óvíst er hvort allt efnistökusvæðið verði nýtt við framkvæmdina en námurnar eru 8 talsins.

Vanda á allan frágang í kringum þau svæði sem raskast við framkvæmdina. Skeringar og námur eiga ekki að vera opnar lengur en nauðsyn krefur auk þess sem haga á námusvæðinu þannig að vindaálag sé sem minnst. Móta á röskuð svæði eins og unnt er í samræmi við landslag og halla umhverfisins. Aðlaga á brúnir efnistökusvæða og skeringar í takt við landið í kring og gæta að því að ekki myndist í þeim vatnspistöður.

### Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Laxárdalsheiði liggja um 10 km kafla yfir alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álfatar og himbrima, það svæði er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla og er yfir 540 km<sup>2</sup>. Framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum stendur en fyrirhugaðar endurbætur á veginum liggja ekki á búsvæðum né á farleiðum fuglanna. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að varanleg áhrif verði óveruleg þar sem núverandi vegi verður fylgt að mestu.



## Vatnalíf

Fyrirhugað er að rífa núverandi brú yfir Hólkotsá og koma fyrir ræsi í stað brúar. Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar komi ræsið ekki til með að vera hindrun fyrir fiska, hvorki fyrir seiði né fullvaxta fiska. Laxá í Dölum, Hólkotsá og Laxá í Hrótafirði séu góðar laxveiðiár og samkvæmt tilmælum Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að botnar og bakkar áнна haldist óbreyttir og verði ekki raskað, gætt verði að frágangi raskaðra svæða og að með þeim berist ekki jarðefni út í áнна, svo sem í úrkomu eða leysingum. Framkvæmdaraðili telur ekki ástæðu til að ætla að framkvæmdirnar muni hafa mikil áhrif á lífríki þessara þriggja áa, þar sem ekki á að raska ánum né bökkum þeirra.

## Ásýnd og Landslag

Fram kemur í greinargerð Vegagerðarinnar að gengið verði frá vegstæði þannig að vegurinn falli vel að landinu. Röskun verður á afmörkuðu svæði þar sem setja þarf ræsi. Talið er að sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu muni hverfa nokkuð fljótt þar sem talið sé að svæðið verði fljótt að gróa upp. Vestari hluti vegarins hafi þegar fengið upplyftingu og muni ásýnd fyrirhugaðra framkvæmda á austurhlutanum verða í takt við þær breytingar. Lítilsháttar ásýndarbreytingar verði við framkvæmdirnar sem staðkunnugir muni helst taka eftir, bundið slitlag á að leysa malarveg af hólmi, breikka á veginn, auka sjónlengdir og jafna veginn í landinu. Laxá í dölum ásamt bökkum hennar nýtur hverfisverndar vegna sérstæðs landslags og áhugaverðra útivistarsvæða og mikilvægt sé að vernda ásýnd þess svæðis.

## Landnotkun

Fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar að Laxárdalsvegur liggja um skilgreint landbúnaðarsvæði í Dalabyggð og Húnaþingi Vestra. Samráð verði haft við Umhverfisstofnun við frágang og mótun lands eftir að framkvæmdum lýkur. Hætta sé á að fjarskiptastrengur í eigu Mílu geti raskast í framkvæmdunum auk jarðstrengs í eigu Rarik. Framkvæmdir verða einnig í grennd við háspennulínur í eigu Rarik og Orkubús Vestfjarða sem taka þarf tillit til. Samráð verður haft við alla hlutaðeigandi aðila vegna framkvæmdarinnar.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 sem og Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 og Aðalskipulag Húnaþings vestra. Nauðsynlegt er þó að gera breytingar á aðalskipulögnum vegna efnistöku og námuvinnslu og setja inn þær námur sem nota á við framkvæmdina og vantar inn á skipulagið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Dalabyggðar og Húnaþings vestra skv. 13. gr. skipulagslaga.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu, t.d. verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og/eða Heilbrigðiseftirliti Norðurlands skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem og starfsleyfi ef setja á upp mótuneyti skv. matvælalögum nr. 95/1995. Heilbrigðiseftirlitið gefur einnig út starfsleyfi til vinnslu jarðefna auk steinmölunar og framleiðslu á ofaníburði og fylliefnum skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018.

Leyfi frá Fiskistofu þarf vegna framkvæmda í eða við veiðivatn skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Ef raska þarf fornminjum þarf að afla til þess leyfis Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



## 6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu á Laxárdalsvegi (59) á um 18 km kafla frá Hólkotsá að vegamótum við Innstrandarveg (68) í Hrútafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengunar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Jafnframt ber að líta til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar en áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að ná til nokkuð langs kafla. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði liggur um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð og mun endurbygging vegarins fylgja núverandi vegstæði.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrifin kunni að verða vegna hættu á mengun í ám og leggur áherslu á mikilvægi tilmæla Hafrannsóknastofnunar sem talin eru upp í kafla 5.5 í greinargerð og að farið verði eftir þeim, þannig sé dregið úr hættu á mengunarslysum. Stofnunin telur að rask sem fylgir framkvæmdinni hafi minniháttar áhrif á gróðurfar, fugla eða annað dýralíf. Það sama á við um landslag og ásjúnd, þó beri að leggja áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til þess að draga úr líkum á mögulegum áhrifum á gróður, fugla eða annað dýralíf og ennfremur ásjúnd svæðisins. Lítið er um fornminjar á svæðinu en svæðið verður kannað af fornleifafræðingi áður en framkvæmdir hefjast.

Að mati Skipulagsstofnunar mun rask vegna framkvæmdanna verða minniháttar vegna skeringa meðfram núverandi vegstæði, breikkun vegarins og gerð ræsis. Ekki eru líkur á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á verndargildi svæðisins, varpsvæði fuglanna né þess hluta sem nýtur hverfisverndar, Laxá ásamt bökkum hennar, vegna takmarkaðra áhrifa á ásjúnd og lítils rasks af hennar völdum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. apríl 2022.

Reykjavík, 11. mars 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir